


## Holdafar holdakúa

Þennan mælikvarða má nota til að meta holdafar holdakúa. Skalin er frá 1-9 þar sem 1 er horuð og 9 er mjög feit. Best er ef kýrnar flokkast í holdafari 7 við burð.



Yfirlitsmynd þar sem helstu viðmiðunarstaðir við holdastigun eru merktir. 1: Hryggur, 2: Halarót, 3: Setbein, 4: Mjaðmahorn, 5: Rifbein, 6: Hes

	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Veikburða	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Vöðvarýr	Já	Já	Aðeins	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Sýnileg háþorn og þverþorn	Já	Já	Já	Aðeins	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Sýnileg rifbein	Öll	Öll	Öll	3-5	1-2	0	0	0	0
Sýnileg mjaðmahorn og setbein	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Aðeins	Nei	Nei
Fita á hesi og hupp	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Aðeins	Mikil	Mikil	Mjög mikil
Fita við júgur og halarót	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Aðeins	Mikil	Mjög mikil


<b>Holdafar</b>	<b>Skýring</b>
1 – Horuð	Engin fylling á hálsi, hesi, halarót eða hrygg. Endar háþorna og þverþorna spjaldhryggjar eru hvassir og skaga út án finnanlegs fitulags. Geislungar öftustu rifbeina eru auðsjáanlegir og með greinilegum dældum á milli. Í kringum halarót og setbein strekkist á húðinni og hún gefur lítið eftir ef þrýst er á. Vöðvar rýrir og hárafar matt að sjá.
2 – Mjög grönn	Engin fylling á hálsi, hesi, halarót eða hrygg. Öll rifbein eru sýnileg og spjaldhryggurinn hvass viðkomu. Lítil vöðvasöfnun á lærum. Hryggjarsúlan er mjög greinileg að sjá og hvöss ef þreifað er á henni.
3 - Grönn	Engin fylling á hálsi og hesi. Svolítill fitusöfnun yfir hrygg, lend og fremstu rifbein. Húðin kringum halarót og setbein er frekar strekkt, en gefur þó eilítið eftir við létt átak. Svolítill vöðvafylling í lærum en þau eru alveg bein. Háþornin eru greinileg við létt átak og geta verið sýnileg. Þverþorn sýnileg.
4 – Örlítið undir meðallagi í holdum (örlítið grönn)	Engin fylling á hálsi og hesi. Svolítill fitusöfnun yfir bak, lend og fremstu rifbein. Fremstu rifbeinin ekki sýnileg en 3-5 öftustu þeirra sjást. Háþorn ekki sýnileg og þverþorn má finna með léttu átaki, en þau eru frekar ávöl viðkomu vegna fitulags. Vöðvafylling í lærum en þau eru alveg bein.
5 – Í meðalholdum	Fita byrjuð að safnast á háls og hes. Svolítill fylling á hupp, baki og lærum. Lærin farin að vera kúpt. Háþorn ekki sýnileg, en hægt að finna þau með föstu átaki. Þverþorn ekki sýnileg og aðeins hægt að finna með föstu átaki, ávöl viðkomu. Rifbeinin ekki sýnileg nema öftustu 1-2 þeirra ef kýrin er svöng. Hægt að finna öftustu rifbeinin við léttu þreifingu. Örlítill fitusöfnun í kringum halarót, sem má finna með því að klemma húðina milli þumal- og vísifingurs.
6 – Örlítið yfir meðallagi í holdum	Svolítill fitusöfnun á hálsi og hesi. Sæmileg fylling á hupp, baki og lærum. Lærin farin að vera kúpt. Rifbein ekki sýnileg. Sýnileg fitusöfnun á fremstu rifbeinum, við malir og halarót. Húð á setbeinsendum er mjúk og hreyfanleg. Þreifa þarf nokkuð fast til að finna endana á einstaka þverþornum.
7 – Holdmikil	Mikil fitusöfnun á hálsi, hesi og herðum. Góð fylling á hupp, baki og lærum. Háþorn og þverþorn ekki sýnileg og bakið virðist beint. Varla hægt að finna háþorn og rifbein, þó tekið sé fast. Lærin kúpt. Greinileg fitusöfnun á herðum, mölum og halarót. Fita byrjuð að safnast yfir öftustu rifbein og niður lærin.
8 – Feit	Mikil fitusöfnun á hálsi og hesi. Mikil fylling á hupp, hrygg og lærum. Bakið beint og hvorki hægt að finna háþorn né þverþorn. Lærin kúpt. Mikil fitusöfnun á herðum, mölum og halarót. Mikil fitusöfnun á öllum rifbeinum og niður lærin. Mjaðmahorn ekki sýnileg og líkaminn kassalaga að sjá.
9 – Mjög feit	Mjög mikil fitusöfnun á hálsi og hesi. Mjög mikil fitusöfnun á hupp, mölum og halarót. Mjög mikil fitusöfnun á rifbeinum og niður lærin. Lærin mikið kúpt. Mjaðmahorn ekki sýnileg og líkaminn kassalaga að sjá.

**Myndir**

**Holdastig 1**



## Holdastig 2



### Holdastig 3



## Holdastig 4



## Holdastig 5



## Holdastig 6





## Holdastig 7



## Holdastig 8



## Holdastig 9



